

130. Bjarni Benediktsson (Huvudinlägg)

Forseti. Ég vil byrja á því að þakka Björn Arild fyrir góðar móttökur hér í Ósló og ég þakka einnig Pål Jonson fyrir metnaðarfulla formennsku sem Svíþjóð hefur leitt innan Nordefco í ár á krefjandi tímum þegar við erum að aðlaga okkur að nýjum veruleika í öryggis- og varnarmálum. Eins og önnur norræn samvinna hefur Nordefco verið dýrmætur samstarfsvettvangur sem hefur ótvírætt gildi frammi fyrir breyttu öryggisumhverfi í kjölfar árásarstríðs Rússa gegn Úkraínu og þeim áskorunum sem nú steðja að okkur úr ýmsum áttum. Ég fagna því sérstaklega að Finnland sé orðið aðili að Atlantshafsbandalaginu og það þarf að tryggja að Svíþjóð verði fullgildur meðlimur sem allra fyrst. Þátttaka Norðurlandanna í Atlantshafsbandalaginu mun auka öryggi allra bandalagsríkja. Náið samráð Norðurlandanna, einkum innan Nordefco, eflir varnir bandalagsins í norðri, styrkir stöðuvitund og gerir okkur betur í stakk búin til þess að takast á við þær ógnir og áskoranir sem að okkur steðja. Síðast en ekki síst verðum við saman betri og öflugri bandamenn.

Þegar Pútín hóf innrásarstríð sitt í Úkraínu var samstaða líkt þenkjandi ríkja sterk og einhugur um að stuðningur við Úkraínu héldi áfram þar til stríðinu lyki með sigri Úkraínu. Nú geisa einnig átök fyrir botni Miðjarðarhafs þar sem almennir borgarar eru á meðal þeirra sem láta lífið, líkt og í Úkraínu. Auk stríðsins og þeirra voðaverka sem þar eru viðhöfð verðum við einnig vitni að pólitískri atögu að samheldni líkt þenkjandi ríkja, við sjáum falsfréttir og tilraunir til að grafa undan lýðræðislegum gildum og alþjóðalögum.

Skandinavisk oversettelse

Præsident. Jeg vil begynde med at takke Björn Arild for en god modtagelse

her i Oslo, og jeg vil også takke Pål Jonson for et ambitiøst formandskab, som Sverige har stået i spidsen for inden for Nordefco i år i en krævende tid, hvor vi er ved at tilpasse os en ny virkelighed på sikkerheds- og forsvarsområdet. Ligesom det øvrige nordiske samarbejde har Nordefco været et dyrebart samarbejdsforum, som har en uomtvistelig værdi overfor et ændret sikkerhedsbillede i kølvandet på Ruslands invasionskrig i Ukraine, og de udfordringer fra flere retninger, som vi står overfor. Jeg bifalder særligt, at Finland er blevet medlem af NATO, og det bør sikres, at Sverige snarest bliver fuldgældigt medlem. De nordiske landes deltagelse i NATO vil øge samtlige medlemslandes sikkerhed. Et tæt samråd mellem de nordiske lande, især inden for Nordefco, styrker alliancens forsvar i nord, styrke situationsbevidstheden og gør os bedre i stand til at håndtere de trusler og udfordringer, vi står over for. Sidst men ikke mindst bliver vi bedre og stærkere allierede.

Da Putin indledte sin invasionskrig i Ukraine, var der et stærkt sammenhold mellem ligesindede lande om, at støtten til Ukraine ville fortsætte, indtil krigen sluttede med Ukraines sejr. Nu raser også en krig i Mellemøsten, hvor civile er blandt dem, der mister livet, ligesom i Ukraine. Foruden krigen og de rædselsgerninger, der bliver begået, er vi også vidne til et politisk angreb på sammenhold mellem ligesindede lande, vi ser fake news og forsøg på at undergrave demokratiske værdier og folkeretten.

Information

Talenummer

130

Type

Huvudinlägg

Person

[Bjarni Benediktsson](#)

Status

Waiting for transcription

Dato

01.11.23 10:24